

Fundargerð ársfundar Austurbrúar 31.05.2013 kl. 14:00 í Herðubreið á Seyðisfirði.

Karl Guðmundsson framkvæmdastjóri Austurbrúar setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gerði tillögu að Adolfi Guðmundssyni sem fundarstjóra og Rögnu Hreinsdóttur sem ritara. Tillagan var samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar – Valdimar Hermannsson formaður stjórnar Austurbrúar.

Valdimar fór stuttulega yfir stofnun Austurbrúar. Formlegur stofnfundur var haldinn þann 8. maí 2012 að viðstaddri allri ríkisstjórn Íslands. Þær stofnanir sem sameinuðust voru ÞNA, Menningararáð, Markaðsstofa, Þróunarfélag Austurlands og SSA. Undirbúningur hafði staðið yfir í þrjú til fjögur ár. Verkefnastjórn hafði verið stofnuð með fulltrúum allra stofnana en það var ekki ljóst fyrir en í ársbyrjun 2012 að af stofnuninni yrði. Það var ljóst að sameining hafði marga kosti, nýting á fjármagni yrði betri og þjónustan aðgengilegri. Sem dæmi má nefna ráðstefnuna *Make it happen* þar sem margir aðilar unnu saman til þess að hún yrði að veruleika. Fyrsta árið hafa verkefni verið mörg – sameining verklaga og vinnubragða og samkeyrsla fjárhags. Haldnir hafa verið 18 fundir á árinu og skipaðir minni hópar til þess að vinna að ýmsum verkefnum. Fagráðið hefur hist og eru nú komnar fram tillögur um hvernig það getur stutt betur við fagsviðin.

Kostnaðurinn er meiri en gert var ráð fyrir í upphafi en gert var ráð fyrir 12 milljónum frá SSA sem dreifa átti á þrjú ár. Reikna má með helmingi meiri kostnaði við verkefnið. Ýmislegt verið gert, s.s. nýtt símkerfi, tölvukerfi ofl.

Það hefur reynt á og sérstaklega voru erfiðir fyrstu mánuðirnir eftir sameiningu. Framkvæmdastjóri hætti störfum eftir fjóra mánuði og tóku þá við stjórninni fulltrúar stjórnar sem mikið mæddi á á þessum tíma. Þakkir voru færðar til starfsfólks fyrir þrautseigju og þolinmæði á þessum erfiðu tímum. Karl Guðmundsson var ráðinn framkvæmdastjóri Austurbrúar frá 1. desember 2012. Stefnumótunarfundur var haldinn með starfsmönnum, stjórn og fagráði í janúar á þessu ári og var unnin þar mikil og góð vinna.

Austurbrú er fyrirmynd annarra stoðstofnana á Íslandi og hafa aðrir landshlutar litið til sameiningar stoðstofnana eins og hjá Austurbrú. Austfirðingar hafa sannað sig að vera í fararbroddi til framtíðar – búin hefur verið til öflug stoðstofnun sem býr til farveg inn í framtíðina.

2. Afgreiðsla ársreikninga. Anna Dóra Helgadóttir hefur stýrt fjármálum tímabundið. Starfið hefur verið mjög krefjandi, sameina þurfti bókhald mismunandi stofnana og hafa sviðin hafa verið með mismunandi þarfir. Ársreikningar lágu fyrir á mismunandi tímum – fyrstu drög lágu fyrir 27. apríl og voru kynntir stjórn á fundi þann 6. maí s.l. Farið var yfir ársreikninginn. Rekstarhalli ársins nam 9,3 milljónum á árinu en framlegð af sameiningu stoðstofnana kemur tæplega fram í ársreikningu fyrir árið 2012.

Fyrirspurnir varðandi skýrslu stjórnar og ársreikninga:

- Spurt var um skuldir við vaxtasamning. Fram kom í svar að ekkert óinnheimt er á móti – ekki verið að úthluta árið 2012. (Anna Dóra)

-Hvað var lagt mikið til yfirstjórnar árið 2012? Áætlunin nam rúmlega 16 milljónum. Hjá yfirstjórn koma 5 milljónir í tekjur en gjöldin eru 30 milljónir. (Anna Dóra)

- Er um að ræða lækkun á rekstargjöldum hjá einstökum sviðum? Það hefur verið lagt í heilmikinn kostnað á árinu við sameiningu, tölvu- símakostnaður ofl. Það er ekki fyrr en á öðru og þriðja ári þar sem kostnaður mun verða minni vegna hagræðingar. (Karl)

Áætlunin var byggð á rekstri stofnananna áður. Einn af hvötunum var að ná fram samlegð án þess að skerða starfsemi stofnana. Verkefni komu síðar en áætlað var eins og t.d. sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og Alcoa. Verkefni hafa verið að koma frá sveitarfélögum og stofnunum á svæðinu. Dæmi um samlegð er ráðstefnan *Make it happen* þar sem mörg svið hjálpuðust að við framkvæmd þessarar stóru ráðstefnu. Sameiginlegur kostnaður hefur verið settur á yfirstjórn en ekki á sviðin. Árið 2013 lítur allt öðruvísi út heldur en síðasta ár. Brýnt var að ráða fjármálastjóra til þess að taka vel á fjármálunum. Skýring á kostnaðar við yfirstjórn er t.d. nýtt símkerfi, ráðning framkvæmdastjóra, stefnumótunarfundur með starfsfólki ofl. (Valdimar)

- Hvernig kemur rekstur SSA inn í Austurbrú? Um er að ræða sérstakan rekstur og er innheimt fyrir þá þjónustu sem SSA veitir. (Anna Dóra)

- Er hægt að merkja aukinn kraft inni á sviðunum? Inn á nýsköpunarsviðið eiga eftir að koma fleiri starfsmenn. (Anna Dóra)

-Fyrirspurn um fjárhag hvers sviðs en um slíkt er ekki að ræða (Anna Dóra)

Ársskýrsla og ársreikningur borin upp til atkvæðagreiðslu, 37 hafa atkvæðisrétt. Samþykkt.

3. Fjárhags- og starfsáætlun kynnt af hverju sviði.

Anna Dóra Helgadóttir kynnti fjárhagsáætlun ársins en fulltrúar allra sviða hafa hist á fundum og gert áætlun. Gert er ráð fyrir minni halla á árinu. Tekjur nema um 330 milljónum sem skiptast í nokkra flokka. Gert er ráð fyrir rekstrargjöldum upp á 335 milljónir. Sérstaklega hefur verið rýnt í fyrstu þrjá mánuði ársins 2013 en rekstarhagnaður á þeim tíma er um 10 milljónir. Gert er ráð fyrir 27 millj króna halla á yfirstjórn en verið er að vinna að því hvernig best er að skilgreina fjárveitingar til hennar. Gert ráð fyrir 4.5 milljónum króna í rekstarhalla á árinu 2013.

Ásta Kristín Sigurjónsdóttir kynnti starfsáætlun fyrir þróunarsvið.

Hlutverk þróunarsviðs er að skilgreina ýmis verkefni, ráðgjöf til fyrirtækja og frumkvöðla, leita eftir tækifærum og tengja saman aðila. Þjóna sveitarfélögum, samfélaginu í heild í tengslum við atvinnutækifæri og þróun á svæðinu. Mikilvægt er að hvetja meistaraneimendur til þess að koma og gera rannsóknir á svæðinu.

Dagleg umsjón SSA, atvinnuþróunarsjóður, sóknaráætlun, vaxtarsamningur og almennings-samgöngur á Austurlandi. 35,5 milljónir koma inn til sóknaráætlunar á árinu sem fara til ýmissa verkefna og eru unnin þvert á sveitarfélögin á svæðinu. Logo fyrir almennings-samgöngur kynnt, farið yfir kerfi almennings-samgangna á Austurlandi en það er í stanslausri þróun. Meira kynningarefni er að koma en mikilvægt er að tengja byggðir inn t.d. Vopnafjörð og Breiðdalsvík-Djúpavog.

Stór verkefni framundan: Fullvinnsla á fiski og áli, flug/samgönguklasi (sóknaráætlun), atvinnumálaráðstefna, efling skapandi greina, aukið samstarf hagsmunaaðila, aukinn samvinna sveitarfélaga og erlent samstarf.

Verkefni unnið þvert á svið: Make by Þorpið, atvinnusköpun, menntun, menning og listir. Efla vöruþróun á Austurlandi, auka verðmæti vörunnar, geta farið í listnám á Austurlandi.

Þórunn Eymundardóttir kynnti starfsáætlun fyrir menningarsvið í fjarveru Signýjar Ormarsdóttur. Sýnd var mynd um ráðstefnuna *Make it happen* og Þorpið. Lokaverkefni í tveggja ára Evrópuverkefni þar sem amk. þrjú svið unnu saman. Margir fyrrilestrar og margt rætt og mun sá efniviður nýtast vel í framtíðinni. Um er að ræða hugmyndabanka sem á eftir að vinna úr á næstu árum. Verkefni tengjast fyrst og fremst stuðningi og ráðgjöf við aðila sem vinna að menningarmálum á Austurlandi. Umsýsla með samkeppnissjóðum og vinna með Menningarráði. Samráðsfundir og erlent samsstarf. Menningarmiðstöðvarnar þrjú hafa mikilvægu hlutverki að gegna á svæðinu. Forstöðumenn taka þátt í fundum menningar og markaðsráðs. Erlenda samstarfið tengist Vesterålen og Donegal sem eru jaðarsvæði líkt og starfssvæði Austurbrúar.

Stór verkefni – samstarfssverkefni *Mit hjem er hvor mit hjerte ligger* við stofnanir í Noregi og Danmörku. Ritmafor samstarf Eskju og Biomar í Noregi. Menningarlandið 2013 og breytingar á menningarsamningum í tengslum við sóknaráætlun 2020. Væntanlega þarf að verja tilvist menningarmiðstöðvanna á Austurlandi sem eru einsdæmi á landsvísu. Á árinu mun fara fram mat á menningarsamningum á landinu.

Árný Björg Bergsdóttir kynnti starfsáætlun fyrir markaðssvið. Markaðssetning og auglýsingar á svæðinu. Skipulagning á FAM ferðum sem eru ferðir heildsala, auglýsingar í blöðum og útgáfa (smábók, þjónustukort), vefur east.is þar sem er viðburðadagatal. Upplýsingarmiðstöðin á Egilsstöðum er rekin af markaðssviði. Samstarf við aðrar markaðsskrifstofur á landinu, ferðamálasamtök ofl. Flugvallar og samgönguáætlun er klasaverkefni með þróunarsviði. Uppfærsla á vef er framundan – upplýsingar koma frá Íslandsstofu. Allir á vefnum eru með leyfi. Tekið var þátt í nokkrum sýningum á árinu. Áherslan liggur á innlendum markaði á jaðartímum – Ísland er með þetta. Meira auglýst í íslenskum ferðablöðum en erlendum. Markmiðið er að vera sýnilegur á ýmsum viðburðum. Áhersla á að heimsækja alla aðila á svæðinu, hvetja til aukningar á gæðum, aukins vöruframboðs og aukningu á gæðum þjónustunnar. Könnun RRF – 82% ferðamanna sem koma á Austurland koma á þremur mánuðum, þ.e. í júní, júlí og ágúst. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru kynntar.

Bergþóra Hlín Arnórsdóttir kynnti starfsáætlun símenntunarsviðs. Hlutverk þess er að halda námskeið fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir en byggt er á starfsemi Þekkingarnets Austurlands. Markmiðin tengjast þeim sem eru með stutta formlega skólagöngu og er reynt að stuðla að sem fjölbreyttastri fræðsluþjónustu. Fjármunir koma frá FRÆ, seldri þjónustu, framlagi frá ríki og aðrir styrkir eru fyrir sérverkefni. Haldin voru 130 námskeið á árinu, viðtöl náms- og starfsráðgjafa voru um 450, öflugt samstarf var við atvinnulífið, þjónusta við atvinnuleitendur, áhersla á samstarfsverkefni við skóla og stofnanir. Alþýðufræðsla opið öllum og ókeypis – verkefni sem hægt er að gera meira af, notkun upplýsingatækni í kennslu, þróun á rafrænu

námsefni, þrjú til sex þróunarverkefni í á ári í samstarfi við ýmsa aðila á svæðinu. Bergþóra þakkaði starfsmaönnum sviðsins fyrir vel unnin störf. Símenntunarsviðið hefur fengið gæðavottun EQM en framundan er vinna við vottun fyrir náms- og starfsráðgjöfina.

Guðrún Áslaug Jónsdóttir kynnti starfsáætlun sviðs háskóla og rannsókna. Starfsfólkið er að stórum hluta sameiginlegt símenntunarsviði og annast verkefnin samhliða. Þó eru nokkrir sem sjá sérstaklega um þjónustu við háskólanema. Bæta þarf aðgengi íbúa að námi, stefnt er að því auka alla þjónustu við háskólanema og stuðla að rannsóknum. Framlag kemur frá Menntamálaráðuneyti. Þjónustan tengist háskólanemendum, stuðningstímar (námstækni, heimildaleit), einstaklingstímar sem felast oft í aðstoð við öflun heimilda ofl. Hjálp við samskipti við skóla og kennara, próftaka (860 próf á árinu 2012). Háskólanemar sækja kennslu í fjarfundabúnaði og er töluverð umsýsla við það, nýta lesaðstöðu. Ráðgjöf varðandi nám og umsóknir ofl. Sérstakt verkefni sem tengist samstarfi við Menntasvísindasvið HÍ var í gangi skólaárið 2011-2012.

Framboð á námi í fjarnámi hefur staðið í stað þannig að nemendum hefur ekki fjölgað á svæðinu. Það þyrfti að gera fleiri kannanir á því hvað fólk á svæðinu vill læra og hvernig hægt er að auka þjónustuna. Leita leiða til að tengja saman nám og rannsóknir og fá nemendur til þess að koma hingað og gera rannsóknir sínar hér. Við þurfum að nýta betur tæknina við miðlun náms á háskólastigi á svæðinu. Helst að kenna áfanga héðan. Það þarf að kynna rannsóknarverkefni t.d. á vísindavöku RANNÍS. Framundan eru ýmsar hugmyndir t.d. að flétta inn rannsóknarvinnu þegar unnið er með fræðsluáætlanir með fyrirtækjum. Það þarf að byggja upp tengslanet við háskólana og búa til markmið að stefna að. Það þarf einnig að bæta yfirlit og þekkingu á því styrkjaumhverfi sem er til.

Karl Guðmundsson framkvæmdastjóri. Það eru ekki allir með sömu hugmyndir um starfsemi stofnunarinnar en lykllinn að góðu starfi felst í starfsmönnum stofnunarinnar. Mjög miklar væntingar hafa verið gerðar til stofnunarinnar sem er samt að einhverju leyti hulin þokuskýi. Stofnunin á eftir að vinna ýmislegt innan húss hjá sér og einnig að skoða hvar er hægt að leita samstarfs osfrv. Starfið á sviðunum gengur vel og allt í góðri virkni þó væntingar séu alltaf um eitthvað betra. Það þarf að efla tengslanet og gæði. Á árinu munum við væntanlega komast út úr þessu þokuskýi sem umlykur okkur svolítið í dag.

4. Breytingar á skipulagsskrá – engar

5. Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses. Hafa verið yfirfarnar af lögmannsstofunni Sókn og verið lagðar fyrir starfsháttanefnd sem hefur samþykkt þær. Tillaga um að þetta verði samþykkt og enginn gerði athugasemd. Fundurinn samþykkti reglurnar.

6. Kosningar.

6.A. Tillaga starfsháttanefndar til stjórnar.

Valdimar O. Hermannsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson (sveitarfélög) út fer Sigrún Blöndal, Rögnvaldur Ólafsson (háskóli og rannsóknir), Sverrir Mar Albertsson (símenntun), Auður Ingólfssdóttir (ferðamál) út fer Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir (atvinnuþróun og atvinnulíf). Tillaga um aðalmenn borin upp og samþykkt samhliða.

Tillaga um varamenn borin upp en þar er sú breyting að Stefán Bogi fer út og í stað hans kemur Páll Baldursson. Samþykkt samhljóða.

6B. Tilnefning STHN um fagrað, aðal og varamenn. Þar er ein breyting, Gerður Guðmundsdóttir fer út og í stað hennar kemur Jón Ágúst Jónsson. Tillaga um fagrað borin upp og samþykkt samhljóða.

6.C. Tillaga um endurskoðendur, KPMG. Tillaga borin upp og samþykkt.

6.D. Starfsháttanefnd. Björn Hafþór Guðmundsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Skúli Björn Gunnarsson. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

6.E. Siðanefnd. Eva Dís Pálmadóttir, Vilhjálmur Jónsson, Gunnlaugur Sverrisson. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Ákvörðun um þóknun stjórnar. Tillaga um laun stjórnarmanna og fagraðs séu 15 þúsund kr. fyrir hvern fund. Tillaga um laun formanns stjórnar og fagraðs, 30 þúsund kr. fyrir fund. Launagreiðslur haldist óbreyttar fram að ársfundi 2014. Akstursgjald verði samkvæmt taxta ríkisstarfsmanna. Samþykkt.

8. Önnur mál. Þorsteinn Sigfússon forstöðumaður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Yfirskrift fyrirlestrar Þorsteins var: Horft af Austurbrú. Hvað blasir við þegar nýsköpunarmaður horfir af Austurbrú? Gamalt og gróið samfélag, mannauður, firðir með útsýni, fiskimið, olíu og gassvæði, frumáta í hafi, jökulskjólíð, virkjanir og ál.

Hvað brúar Austurbrú? Mismunandi reynslu fólks, tvenna tíma í þekkingaryfirfærslu. Austurbrú er sáttagjörð og til fyrirmyndar fyrir Ísland. Myndaður var sáttmáli til þess að gera Austurland betra. Sáttmáli um að fara að vinna saman og vera laus við ágreining.

Hvaða markmið þurfum við að setja okkur? Styrkja hafnarmóttöku og jarðgangnagerð. Það þarf að mynda sterkan klasa um úrvinnslu áls. Vera miðstöð um þjónustu við olíu og gasleit á hafinu en ekki gleyma að vera með fyrsta flokks mengunarvarnir. Austfirðir geta átt vistvænasta álver í heimi. Álverið á Reyðarfirði er eitt flottasta álver í heimi og einstaklega hreint og snyrtilegt. Nota þarf glatvarma frá álverinu til hitunar. Með því að vinna meira úr áli þá aukast tækifæri – þróa þarf kerfi sem getur skoðað ál með ljóstækni sem skoðar efnainnihald. Nýjasta tækni í álgreiningu – verið er að skoða möguleika þarna. Mikilvægt er að loka álhringnum og fullvinna vöru úr álinu. Mikilvægt að nota vistvænni meðferð til þess að vinna úr úrgangi – verið er að skoða möguleika á slíkri fullvinnslu á suðufjörðunum. Skoða þarf allt á siðvistlægum nótum – en hugsa þarf grænt í dag og hafa siðferðið í lagi. Það sem er úrgangur á einum stað getur verið hráefni á öðrum. Verið er að vinna að ýmsum leiðum hjá Nýsköpunarmiðstöð við að vinna allt úr hráefninu.

Hafið – frumátan verður til í hafinu fyrir austan landið. Verið er að skoða notkun á ljóstækni við veiðar og er það eitt af því sem væri hægt að skoða hér á Austurlandi. Ekki verið að taka frá náttúrunni – spennandi kostur að veiða fisk með ljósi. Ljósið myndar troll – ljósið virkar eins og net, engin mengun til staðar. Fiskeldi - ættum að halda áfram að hugsa um það. Mikil hitastigsgæði sjávar hér.

Ferðamennska. Mörg svæði með mikla sérstöðu, Borgarfjörður eystri, Vopnafjörður. Íslenska silfurbergið – safn við Helgustaðanámuna.

Fleiri önnur mál voru ekki en Valdimari formanni stjórnar var gefið orðið. Hann þakkaði starfsmönnum Austurbrúar og öllum þeim sem komu að fundinum fyrir. Einnig þorsteini fyrir hans innlegg. Lokaorð hans voru þau að við ætlum að vera fyrirmynd annarra og ætlum ótrauð að stefna áfram til framtíðar.

Fundi slitið kl. 17:00

Ragna Hreinsdóttir